

Mál nr. 225/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 15. ágúst 2025, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 29. ágúst 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu varð M fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X 13. september 2023. Kemur þar fram að tilkynnt hafi verið um að M hafi fengið stóran skurð á vinstri hendi og sé talsverð blæðing. Var lögregla send á staðinn í forgangi ásamt sjúkrabifreið. Í skýrslunni kemur fram að lögreglan hafi haft samband við M 15. september og er þá er eftirfarandi haft eftir honum um málsatvik: „[M] kvaðst hafa verið að saga timbur í sög. Hann hafi sett vinstri hendi yfir þá hægri til að halda timbrinu við landið á söginni og hægri hendina hafi hann notað til að ýta á rofa til að kveikja á söginni. Í þessu tilfelli hafi hlíf sem fer yfir sagarblaðið þegar hún er í efstu stöðu verið uppi og því hafi sagarblað farið í vinstri hendina þegar hann kveikti á henni.“

Í málskoti er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M og þess krafist að tjónið verði bætt úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X sé með hjá V. Hvað atvik máls varðar þá er á því byggt að M hafi í umrætt sinn verið að saga timbur í útdraganlegri borðsög. Nánar tiltekið hafi hann borið sig þannig að við verkið að hann hafi sett vinstri hendi yfir þá hægri til að halda timbrinu við landið á söginni og hægri höndina hafi hann notað til að kveikja á söginni. Hlífin sem hafi átt að vera fyrir sagarblaðinu hafi verið föst í efstu stöðu og sagarblaðið því farið í vinstri hendi M þegar hann kveikti á söginni. Afleiðingarnar hafi verið handleggsbrot og stórt opið sár enda hafi vöðvi farið í sundur. Þá liggi fyrir mat á afleiðingum líkamstjónsins það sem varanleg læknisfræðileg örorka M sé metin 15%.

Hvað meinta skaðabótaábyrgð X varðar þá er á því byggt í málskoti að aðstæður í umrætt sinn hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í því sambandi er sérstaklega vísað til 13., 37. og 46. gr. þeirra laga. Þá vísar M einnig í tiltekna greinar í reglugerðum nr. 367/2006 um notkun tækja og nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla. M byggir á því að umrædd sög hafi verið vanbúin þar sem hlíf hennar hafi verið föst í efstu stöðu og sagarblaðið því farið í vinstri hönd M er hann kveikti á söginni. Bendir M sérstaklega á að þrátt fyrir fullyrðingu V um að sögin hafi verið í „fullkomnu lagi“ sé ekki hægt að líta fram hjá því að öryggishlíf sem stendur í efstu stöðu og fer ekki sjálfkrafa yfir sagarblaðið sé óstarfhæf og hættuleg. Þá mótmælir M þeim rökum V að þar sem sögin hafi verið með CE-vottun hafi hún uppfyllt þær öryggiskröfur sem gerðar séu til tækja. Í málskotinu er bent á að CE-vottun leysi X ekki undan þeirri skyldu að tryggja að búnaður sé í fullnægjandi og öruggu ástandi á hverjum tíma. Er í þessu sambandi sérstaklega bent á að 2. mgr. 10. gr. og 65. gr. a í lögum nr. 46/1980 komi fram að vinnuveitanda beri skylda til þess að sjá til þess að tæki séu reglulega könnuð og þeim við haldið og að láta framkvæma áhættumat á vinnustað. M mótmælir einnig þeim rökum V að tjónið verði rakið til gáleysis M. Er á það bent í málskoti að hvað þetta varði þurfi að horfa á atvik málsins í samhengi við vanbúnað sagarinnar sem hafi verið hinn beini orsakavaldur slyssins.

Til viðbótar framangreindu er á það bent í málskoti að í lögregluskýrslu komi fram að Vinnueftirlitið hafi ekki komist á vettvang á slysdegi til að kanna aðstæður. M telur að þetta hafi leitt til þess að ekki hafi farið fram fullnægjandi rannsókn á slysinu, þar með talið á ástandi sagarinnar. Byggir M á því að X verði að bera hallann af þessu. Bendir M einnig á að fyrirbyggjandi skýrsla Vinnueftirlitsins, dags. 23. október 2023, byggji einungis á ljósmyndum af söginni og áverkum M, ásamt framburði vinnuveitanda. Hafi lögreglan ekki gert neina athugun á eða prófað ástand sagarinnar sérstaklega. Því telur M útilokað að byggja niðurstöðu í málinu á þeirri fullyrðingu V að sögin hafi verið í lagi og hlífir ekki staðið á sér. Sú fullyrðing sé ósönnuð. Þá bendir M á að þrátt fyrir að lögreglan hafi tekið ljósmyndir sem Vinnueftirlitið studdist við, hafi aldrei farið fram heilstæð og fagleg athugun á virkni sagarinnar eða

mögulegum bilunarorsökum hennar. Telur M að þetta eigi að leiða til þess að leggja beri frásögn kæranda til grundvallar í málinu. Vátryggingartaki X verði því að bera hallann af því að rannsókn hafi verið ófullnægjandi. Telur M það vera í samræmi við margítrekaða dómavenju.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 15. ágúst 2025, er skaðabótaábyrgð X hafnað. Máli sínu til stuðnings færir V fyrst ítarleg rök fyrir því að lýsing M á atvikum standist ekki, þ.e. lýsing á því hvernig M hafi borið sig að við notkun sagarinnar. Telur V að gögn málsins sýni ótvírætt að orsök slyssins hafi verið sú að M hafi krossað hendur fyrir framan sagarblaðið. Hvað varðar meinta skaðabótaábyrgð X að öðru leiti þá bendir V m.a. á að X hafið staðið réttilega að því að tilkynna slysið til þar til bærara aðila og þannig stuðlað að því að fullnægjandi rannsókn færi fram. Þannig liggi fyrir að lögregla sem kom á slysstað, hafi talað við Vinnueftirlitið og verið tjáð að engin væri á vakt á því landssvæði þar sem slysið varð og því kæmist engin á vegum Vinnueftirlitsins á vettvang til að skoða aðstæður. Því hafi verið tekin sú ákvörðun að myndir yrðu teknar af vettvangi og þær sendar Vinnueftirlitinu. Þá upplýsir V einnig að samkvæmt upplýsingum frá vátryggingartaka hafi hann einnig hringt í Vinnueftirlitið á slysdegi og fengið sömu svör og lögreglan. V telur því að réttilega hafi verið staðið af því að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins. Því geti ekki komið til þess í málinu að vikið verði frá hefðbundnum sönnunarreglum sem gilda um meint skaðabótaskyld líkamstjón. Þessu til viðbótar byggir V á að jafnvel þó sönnunarbyrgði um atvik máls og aðstæður á vinnustað, þar með talið um ástandið á umræddri sög, yrði lögð á X, sýndu fyrirliggjandi ljósmyndir frá lögreglu aðstæður vel. Þá sé þar einnig að finna frásögn M og samstarfsmanna hans. Atvik máls og aðstæður á vinnustað séu því upplýstar í málinu. V hafnar þeirri fullyrðingu M að umrædd sög hafi verið vanbúin svo og að skort hafi á nauðsynlega kennslu og þjálfun af hálfu X.

Bendir V á að samkvæmt upplýsingum frá vátryggingartaka hafi M í umrætt sinn unnið að því að klæða íbúðarhús með standandi timburklæðningu. Við það verk hafi hann notað CE-vottaða bútasög, árgerð 2004. Á henni sé takki til að setja sögina í gang og annar til þess að sögin fari niður og lausa hlífín yfir sagarblaðinu fari frá um leið. V hafnar því, með vísan í fyrirliggjandi gögn, að hlífín á söginni hafi verið föst í efstu stöðu þegar M kom að henni. Bendir V á ljósmyndir frá lögreglu í þessu sambandi. Þær sýni að hlífín hafi verið niðri þegar sögin er í efstu stöðu. Hlífín hafi því virkað eins og hún átti að gera. V vísar einnig til þess að vátryggingartaki hafi upplýst að sögnin hafi virkað eðlilega fyrir umrætt slys og hún verið talin örugg til notkunar. Þá hafi tveir aðrir starfsmenn verið að vinna sömu vinnu og M þegar slysið varð og hafi annar þeirra verið að nota sömu sög og M. Sá kannist ekki við að sögin hafi verið í ólagi. Þessu til viðbótar er á það bent að engin fyrri slys séu þekkt vegna notkunar á umræddri sög.

Þessu til viðbótar bendir V á að M, sem sé menntaður smiður, hafi unnið hjá X frá því í maí 2022 og við þetta tiltekna verk frá 1. nóvember 2022. Telur V því að jafnvel þó lagt væri til grundvallar að hlífín hafi verið uppi þegar M kom að henni telji V það ekki eitt og sér duga til þess að sök X teljist sönnuð. Ef hlífín hefði verið uppi, nokkuð sem V telur ósannað, hefði M sem menntaður smiður með reynslu m.a. af notkun á þessari sög, átt að finna út úr því hvað væri að, en ekki byrja að saga. Byggir V einnig á því að tvær aðrar sagir hafi verið til staðar á vinnustaðnum á slysdegi. M hefði því eftir atvikum getað notað þær. Hvað nauðsynlega þjálfun starfsmanna varðar bendir V aftur á að M sé menntaður smiður og að hann hafi í námi sínu fengið kennslu og þjálfun á sagir og vélar. Þá upplýsir V að vátryggingartaki hafi einnig verið ötull við að segja starfsmönnum sínum að fara varlega og nota ekki vélar ef þeir sjái eitthvað að þeim.

Eins og áður hefur komið fram byggir V m.a. á því að M hafi í umrætt sinn krossað hendur fyrir framan sögina og sagað með henni þannig. Telur V að í slíku verklagi felist stórfellt gáleysi af hálfu M. Það eigi aftur að leiða til þess að ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M, beri að skerða þann bótarétt vegna stórfellds gáleysis hans.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 29. ágúst 2025, eru fyrri kröfur og rök M ítrekuð svo og athugasemdir við þann málatalibúnað sem er að finna í athugasemdum V. Til viðbótar er m.a. sérstaklega ítrekað að öryggishlíf sagarinnar hafi ekki virkað sem skyldi. Það hafi verið hin raunverulega orsök slyssins. Hvað sem líði meintri eigin sök M sé því ljóst að slysið hefði aldrei orðið ef hlífín hefði virkað. Þá er á það bent að skv. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993 geti ekki komið til þess að M verði látinn bera hluta af tjóni sínu sjálfur vegna meðábyrgðar, nema að fyrir liggi að tjónið verði rakið til stórkostlegt gáleysis hans, nokkuð sem sé fráleitt.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 13. september 2023. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Dómafordæmi benda til þess að litið sé svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur réttilega tilkynnt slys samkvæmt framangreindu lagaákvæði skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik og aðstæður á vinnustað að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Nefndin hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að X hafi uppfyllt þær kröfur gerðar eru til hans hvað varðar tilkynningu á slysi M. Þannig liggur fyrir að lögreglan kom á slysstað, skoðaði aðstæður, tók ljósmyndir og ræddi m.a. við M í kjölfarið. Þá kemur einnig fram að lögreglan talaði við Vinnueftirlitið á slysdegi. Þar sem lögreglu var þá tjáð að engin væri á vakt hjá Vinnueftirlitinu á umræddu landssvæði, var m.a. ákveðið að teknar yrðu myndir af vettvangi sem Vinnueftirlitið fengi. Þá kemur einnig fram að X hafi upplýst lögreglu um að hann hafi einnig hringt í Vinnueftirlitið og fengið sömu svör og lögreglan. Þá telur nefndin einnig að óháð framangreindu sýni gögn málsins fram á það með fullnægjandi hætti hvernig líkamstjón M atvikaðist og hverjar aðstæður á slysstað voru, þar með talið ástand sagarinnar.

Nefndin telur með vísan í framangreint að ekki séu forsendur til þess í þessu máli, eins og M færir rök fyrir, að víkja frá þeim sönnunarreglum sem að framan greinir. Það er því M að sanna að tjónið verði rakið saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Þetta felur m.a. í sér að M þarf að sanna að umrædd sög hafi verið vanbúin og það hafi leitt til tjónsins. Nefndin telur að sú sönnun hafi ekki tekist og því ber X ekki skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. október 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir